




6. bekkur

2021-2022

Handbók



Flataskóli

Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	3
Samskipti kennara við foreldra.....	4
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	4
Kennslustundir og námsgreinar	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	4
Stundaskrá.....	5
Heimanám	5
Náms og skemmtiferðir.....	5
Vinabekkir.....	5
Skólasókn og viðbrögð.....	6
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	6
Námsáætlun skólaársins 2021-2022	7
Hæfnimiðað nám.....	7
Námsmat	7
Skipulag kennslunnar	7
Námsáætlun	8

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Andri Marteinnsson	Umsjónarkennari
Halla Rósenkranz	Umsjónarkennari/náttúrufræðismiðja
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	Umsjónarkennari
Ragna Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttir/sund
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttir/sund
Atli Jóhannesson	Íþróttir/sund
Rut Ingólfssdóttir Blurton	Smíði
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmennt
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	Textíl
Hildur Jakobína Tryggvadóttir	Sviðslist
Jóhanna Guðríður Ólafsson	Heimilisfræði
Oddný Jóna Þorsteinsdóttir	Sérkennsla
Petra Kjartansdóttir	Þroskajálfi
Haukur Þór Þorvarðarson	Stuðningsfulltrúi
Íris Pálsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Í vetur munum við leggja áherslu á að skapa jákvætt og öruggt námsumhverfi þar sem nemendur upplifi til hvers er ætlast af þeim. Leitast verður eftir að verkefni verði fjölbreytt og við hæfi hvers og eins.

Við leiðbeinum nemendum í náminu þannig að þeir hafi tækifæri til að bæta sig og finni að þeir taki framförum.

Allir eiga að upplifa sig sem hluta af hóp þar sem viðhöfð eru jákvæð samskipti, að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér, samnemendum og starfsfólki skólans.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Menntun: Við munum mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og leiðbeina þeim. Notaðar verða fjölbreyttar kennsluáferðir þar sem markmið eru skýr til að glæða áhuga nemenda á námsefninu.

Við hvetjum og hrósum og fögnum öllum framförum.

Árangur: Við munum ræða við nemendur um námið og hlusta á raddir þeirra ásamt því að setja skýran ramma um það sem ætlast er til af nemendum.

Ánægja: Við sýnum jákvætt viðhorf og virðingu í öllum samskiptum. Við gefum hverjum og einum sinn tíma og leggjum okkur fram um að kynnast nemendum með t.d. samtölum eins og stofufundum og nemendasamtölum.

Samskipti kennara við foreldra

Við munum halda foreldrum vel upplýstum með vikupósti og skilvirkum skráningum í Mentor. Við hvetjum foreldra til þess að setja sig í samband við okkur ef eitthvað er. Sameiginlegt markmið okkar er að börnunum líði vel í skólanum og að þau taki framförum.

Lýsing á starfinu í árganginum

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 74 nemendur.

Litið verður á hópinn sem eina heild og hafa kennararnir sameiginlega umsjón með öllum nemendum. Hópnum verður skipt upp 3-4 sinnum á skólaárinu.

Í smíðjuhópum er nemendum skipt í hópa þvert á árganginn.

Hópnum er tvískipt í íþróttum og þrískipt í sund.

Í ýmsum verkefnum s.s. þema- og hringekjuverkefnum er hópnum bæði skipt þvert á árganginn og innan hvers hóps fyrir sig.

Kennslustundir og námsgreinar

*Íslenska – málfræði, stafsetning, ljóð, ritun, bókmenntir, skrift, lestur, framsögn, lesskilningur, hlustunarskilningur, sviðslist og tjáning

*Stærðfræði – tölur og reikningur, líkur, tugabrot, rúmfræði, mælingar, almenn brot, margföldun, deiling, hnitakerfi og hlutföll.

*Samfélagsfræði – saga, landafræði, jafnréttismál, siðfræði

*Náttúrufræði – eðlisvísindi, efnafræði, lífvísindi, umhverfismennt, jarðvísindi

*Enska – lesskilningur og einföld málfræði

*Upplýsingamennt – sambætt við aðrar greinar

*List og verkgreinar – smíði, textílmennt, myndmennt, heimilisfræði, sviðslist

*Lífsleikni

*Íþróttir

*Sund

Helstu viðfangsefni nemenda

Í vetur verður lögð áhersla á stærðfræði, íslensku, ensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Eftirfarandi þemaverkefni voru unnin: Benjamín dúfa, Norðurlöndin, Maðurinn, Snorri Sturluson og áhugasviðsverkefni.

Stofufundir eru haldnir tvisvar í viku. Þá er setið í hring í heimastofu. Á flestum stofufundum er farinn hrós- og/eða þakkarhringur. Þá eru ýmis mál rædd er við koma samskiptum og annað sem nemendur og kennari vilja ræða.

Stundaskrá



6. bekkur

2021 - 2022



Flataskóli
Garðabæ

Sími: 513 3500

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:30 - 9:10	Morgunsamvera	Heimastofa	Morgunsamvera Heimastofa	Heimastofa	Morgunsamvera Heimastofa
9:10 - 9:50	Fjölval	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa
9:50 - 10:10		Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa
10:10 - 10:30	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist
10:30 - 11:10	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa	Smiðja	Heimastofa
11:10-11:50	Íþróttir/heimastofa	heimastofa/sund blá stofa	Heimastofa		Heimastofa
11:50-12:10		heimastofa/sund blá stofa	Heimastofa	Heimastofa	Hreyfing
12:10 - 12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:30 - 12:50	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist
12:50-13:30	Heimastofa	Heimastofa/sund græn stofa	Heimastofa	Heimastofa	Smiðja
13:30-14:10	Heimastofa	heimastofa/sund gul stofa	Heimastofa	Hreyfing	

Heimanám

Nemendur eiga að lesa heima í 15-20 mínútur, 5 sinnum í viku, þar af 5-10 mínútur upphátt. Markmiðum er náð ef lesið er a.m.k. 5 sinnum í viku. Foreldri/forráðamaður kvittar í kvittanahefti í hvert skipti.

Nemendur skrifa þrjár setningar úr lesefninu þrisvar sinnum í viku í þar til gerða stílabók. Ef nemendur hafa ekki náð markmiðum vikunnar eða ef verkefni þarfnast undirbúnings verða þau send heim þegar við á.

Náms og skemmtiferðir

Skíðaferð og gistinótt í Bláfjöllum

Gönguferðir um nærumhverfi Flataskóla

Sinfóniútónleikar í Hörpu

Vinabekkir

Vinabekkur 6. bekkja er 1. bekkur.

Markmiðið er að vinabekkirnir hittist þrisvar sinnum á hvorri önn.

Verkefnin verða m.a. eftirfarandi:

*6. bekkur les fyrir 1. bekk

*spilastund

*útileikir

*gönguferðir

Skólasókn og viðbrögð

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtíma veikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaloförðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólastjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málið er vísað til umræða í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólastjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvernær sem er í ferli. Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.

Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#) (Parna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda).

Námsáætlun skólaársins 2021-2022

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmiði í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Haustið 2021 verður öll birting og utanumhald námsmats færð inn í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir 6 - 10 vikna tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

Skipulag kennslunnar

Umsjónarkennarar eru fjórir sem mynda teymi sem vinnur saman að kennslu og velferð nemenda en kennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum í árganginum. Nemendur eru í mismunandi hópum yfir veturinn. Nemendur fara í sund einu sinni í viku og íþróttir tvisvar sinnum. Smiðjur eru tvisvar sinnum í viku, 2 kennslustundir í senn og fjölval ein og hálf kennslustund í viku. Einu sinni í viku er hreyfing, bæði skipulögð og frjáls. Morgunsamvera er þrisvar sinnum í viku.

Námsáætlun

Íslenska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	Tjáning og framsögn	Koma fram fyrir framan samnemendur, lesið ljóð eða sögur.
Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	Umræður	Geti hlustað, tekið þátt í umræðum og mynda sér skoðanir á fundum.
Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.	Lestur	Heimalestri og yndislestri.
Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.	Lesskilningur	Geti unnið verkefni úr texta, eins og t.d. að svara spurningum, gera úrdrátt o.s.frv.
Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.	Upplýsingaröflun	Leitað að heimildum á bókasafni og á netinu.
Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.	Val á lesefni	Geti nýtt sér bókasafn til að velja sér fjölbreytt lesefni.
Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.	Skript og ritvinnsla	Nemendur notast við skriftaræfingar til að æfa stafdrátt og fínhreyfingar. Nemendur notast við ritvinnsluforrit í tölvum til að rita og vinna með texta.
Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.	Skapandi skrif	Nemendur skrifa sögur, frásagnir og tjá hugmyndir sínar.
Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.		Lesið upp verk sín og deila með öðrum.

<p>Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</p> <p>Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.</p> <p>Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</p> <p>Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</p>	<p>Stafsetning</p> <p>Málskilningur og málskilningur</p> <p>Orðaforði og orðmyndun</p> <p>Að nota orðabækur og aðra gagnabrunna</p> <p>Setningamyndun</p>	<p>Stafsetningaræfingar og upplestur.</p> <p>Vinna hin ýmsu málfræðiverkefni sem efla málskilning og málvitund.</p> <p>Nemendur lesi texta og skrifi hjá sér orð sem þeim finnst flókin.</p> <p>Nemendur finna orð þar sem sama orðið hefur mismunandi merkingu.</p> <p>Hafa orðabækur sem og tölvur með orðabókum á Netinu í stofunni.</p> <p>Nemendur skoði setningar og átti sig á því hvernig þær eru uppbyggðar.</p> <p>Kennari klippir niður stök orð og nemendur raða þeim upp í setningar og orðflokkagreina í leiðinni.</p>
--	---	--

Enska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.</p> <p>Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.</p> <p>Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í</p>	<p>Skilningur, túlkun og yfirfærsla</p> <p>Lestur, málskilningur og túlkun</p> <p>Lestur, málskilningur og túlkun</p>	<p>Nemendur horfa á og lesa viðtöl/samtöl.</p> <p>Nemendur taka viðtöl við hvert annað.</p> <p>Nemendur tala saman á ensku um ákveðin valin viðfangsefni.</p> <p>Nemendur lesa samfelldan texta um valin viðfangsefni.</p> <p>Nemendur segja frá því sem þeir voru að lesa.</p> <p>Nemendur vinna lesskilningverkefni tengd lesefninu eða skrifa úrdrátt.</p> <p>Nemendur lesa ólíkan texta eins og bækur, fréttir, viðtöl o.s.frv. og geta</p>

verkefnavinnu.		dregið út aðalatriðin.
Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.	Talað mál	Nemendur taka viðtöl við hvert annað. Nemendur halda stutta kynningu um áhugamál sín.
Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.	Talað mál	Nemendur semja leikþætti þar sem þeir æfa sig t.d. í að panta á veitingastað, fá þjónustu í verslun o.s.frv.
Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.	Áhugasvið, skilningur, túlkun, framsaga	Nemendur halda stutta kynningu um viðfangsefni að eigin vali. Hópavinna eða einstaklingsvinna.
Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.	Ritun	Nemendur draga eða velja sér viðfangsefni sem þeir skrifa um. Nemendur skrifa sögu eftir mynd. Nemendur endurskrifa ævintýri.
Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.	Fjölmening og umburðarlyndi	Nemendur kynni sér menningu og siði þeirra landa/svæða þar sem ensk tunga er töluð með því að finna lesefni, horfa á efni um viðfangsefnið o.s.frv.
Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.	Hópavinna	Nemendur vinna ýmis verkefni í hóp.
Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.	Upplýsingasöfnun	Nemendur læri að nýta sér ýmis verkfæri eins og orðabók af bókasafni eða á Netinu til þess að afla sér upplýsinga

Náttúrufræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.	Athuganir og tilraunir	Nemendum kynnt vinnulag við gerð tilrauna.
Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.	Athuganir og tilraunir	Ferli vísinda kynnt og tilraunir framkvæmdar og unnið með hugtökin, tilgangur, efni og tæki og niðurstöður.
Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.	Rafmagn	Unnið með hugtökin, rafhlaða, hringrás, leiðarar og einangrarar. Nemendur gera tilraun með einangrara og leiðara.
Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.	Framsetning og niðurstöður	Nemendur útbúa sinn eigin vísindapátt þar sem þeir útskýra og framkvæma tilraunir
Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.	Mannlíkaminn	Þemaverkefni
Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.	Mannlíkaminn	Þemaverkefni
Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.	Mannlíkaminn	Þemaverkefni

Samfélagsfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	Lýðræðislegar verklagsreglur	Bekkjarumræður um viðfangsefni og hópavinna s.s. Samskiptareglur hópsins
Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.	Fjölbreytileiki og gildi	Bekkjarumræður um viðfangsefni og hópavinna. Þemaverkefni - Heimsmarkmiðin
Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.	Tillitssemi og umburðarlyndi	Bekkjarumræður um viðfangsefni og hópavinnu s.s. Samskiptareglur hópsins
Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.	Helstu gildi og umhyggja	Þemaverkefni - Heimsmarkmiðin
Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.	Samspil umhverfis og manna	Loftslagsbreytingar – Plakat unnið um hvernig verðrabreytingar hafa áhrif á heiminn og hvað við getum gert.
Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.	Einkenni og staða Íslands í alþjóðasamfélaginu	Norðurlönd – verkefni þar sem hver hópur fjallar um Ísland og velur eitt annað land og kynnir með þeim hætti sem hann velur s.s. book creator, vídeó, podcast og svo frv.
Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.	Öflun- og greining upplýsinga	Norðurlönd – Verkefni (sjá hér ofar) Snorrasaga – Book creator
Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.	Notkun hugtaka	Norðurlönd og/eða Loftslagsbreytingar. (sjá hér ofar)
Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.	Þjóðfélagslegar umræður	Norðurlönd/Snorrasaga (sjá hér ofar)
Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum.	Áhrifaþættir á mótun sögunnar	Norðurlönd/Snorrasaga (sjá hér ofar)
Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.	Mismunandi birtingarmyndir sögunnar	Snorrasaga (sjá hér ofar)
Rætt viðfangsefni sem snerta trú,	Hvernig trú, lífsviðhorf og siðferði	Norðurlönd/Snorrasaga (sjá hér ofar)

lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.	mótast af umhverfinu	
Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.	Samspil jákvæðra lífsviðhorfa á sjálfsvitundina	Lífsleikni verkefni
Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.	Styrkleikar og veikleikar	Lífsleikni verkefni
Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.	Heilbrigðir lífshættir	Verkefni: Maðurinn - Hugur og heilsa
Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.	Rökræður um ólík málefni	Lífsleikniverkefni
Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.	Framsetning á þekkingu með mismunandi hætti	Verkefni: Norðurlönd, Maðurinn-hugur og heilsa og Snorrasaga
Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Samskiptahæfni	Lífsleikniverkefni – Samskiptareglur hópsins. Bekkjarumræður um viðfangsefni og hópavinna.
Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.	Umræður um orsakir og afleiðingar	Lífsleikniverkefni – Samskiptareglur hópsins – Sameiginlegt hvatakerfi sem styrkir jákvæða hegðun
Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.	Samskiptahæfni	Lífsleikniverkefni – Samskiptareglur hópsins. Bekkjarumræður um viðfangsefni og hópavinna.

Upplýsingatækni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.	Sjálfstæði og vinnusemi	Nemendur vinna einstaklings og hópaverkefni
Beitt rétttri fingrasetningu.	Fingrasetning	Nemendur byrji á að þjálfa heimalyklana og smátt og smátt bættast aðrir lykklar við. Notast er við forrit eins og Fingrafimi I og II
Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.	Rafrænt námsefni	Unnið með ýmsa þætti námsins í gegnum ýmis kennsluforrit

Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.	Heimildir	Nemendum kennt að leita sér heimilda á bókasafni og á Netinu. Þá læra nemendur grunnatriði í gerð heimildaskráa.
Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.	Ritvinnslu, uppsetning og reikniforrit	Nemendur vinna verkefni í ritvinnslu og uppsetningu með notkun forrita eins og Word, Google docs, Bookcreator og Jam board. Með notkun forrita eins og Excel og Google sheets er unnið með töluleg gögn.
Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.	Myndvinnsla	Nemendur útbúa stutta þætti og stuttmyndir með myndvinnsluforriti eins og Moviemaker
Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.	Öryggi á netinu	Nemendur fræðast um öryggi og hættur á netinu.

Smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Hljóðfæri</p> <p>Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.</p> <p>Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.</p> <p>Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.</p>	<p>Val og notkun verkfæra</p> <p>Skissa og vinnuteikning</p> <p>Hönnunarferli</p>	<p>Nemendur fá tækifæri til að velja og nýta rétt verkfæri eins og sagir (tif- og handsagir) til að gera hljóðfærparta fyrir einfalt strengjahljóðfæri, tilbúna til samsetningar. Einnig læra nemendur að nota skráfur og skráfbita, þegar þeir setja saman hljóðfærið sitt.</p> <p>Nemendur læra mikilvægi skissuteikninga með því að þurfa að skissa upp hugmyndir sínar og vinna þannig að góðri vinnuteikningu áður en þeir fara að smíða.</p> <p>Nemendur læra um hönnunarferli með því að fara með kennara í gegnum einfalt hönnunarferli: hugmyndavinna (spjall í hóp og við kennara) – skissa (skissum safnað í möppu fyrir hvern nemanda) – vinnuteikning (vinnuteikning gerð eftir lokaskissu og svo plöstuð til að nota í næsta skrefi) – framkvæmd (hljóðfærið smíðað með</p>

<p>Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.</p> <p>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<p>Endurnýting</p> <p>Vönduð vinnubrögð</p>	<p>hjálp vinnuteikningar) - lokaafurð (gripurinn fullunninn, myndaður ásamt vinnuteikningu og skilað til umsjónarkennara).</p> <p>Nemendur læra um endurnýtingu með því að þurfa að leita sér að efniviði í afgangskössum í smíðastofunni. Einnig læra þeir um endurnýtingu þegar kennari bendir þeim á að henda ekki eigin afgangum heldur deila með öðrum.</p> <p>Nemandi lærir að meta góð vinnubrögð með því að meta eigið verk í samræmi við eigin getu og að skila ekki verkefni eingöngu til að klára. Betra er óklárað vandað verkefni en klárað flýtiverkefni</p>
---	---	--

Sviðslistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Dans.</p> <p>*Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju.</p> <p>* Geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi.</p> <p>* Tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisvenjum í dansi.</p> <p>* Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á mótí uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi</p> <p>Leiklist.</p> <p>* Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta.</p> <p>* Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í</p>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Skapandi dans. ➤ Hlustun ➤ Tjáningardans. ➤ Traust. ➤ Hugmyndavinna. ➤ Hópefli. 	<p>Nemendur hita upp með markvissum jóga og dans hreyfingum eftir leiðsögn kennara.</p> <p>Nemendur kynnast grunnhugtökum í dansi.</p> <p>Skoðað ýmsar danstegundir. Tónlist notað í grunni og nemendur skoða hvaða danstegundir þeim finnst áhugaverðast.</p> <p>Nemendur búa til dans með ákveðið þema í huga, eins og dansstílar eða tilfinning.</p> <p>-Röddin.</p> <p>Kennari leiðir nemendur í gegnum raddupphitun með tungubrjótum og andlitsæfingum.</p> <p>-Ísbrjótar</p> <p>Ýmsar hópeflisæfingar sem kallar á samvinnu, samtal og leysa þarf ýmis mál á skapandi hátt. (Hvaða dýr viltu vera, eyjan, húlla, zip zap boing)</p> <p>-Rýmisgreind.</p>

<p>félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.</p> <p>*Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.</p> <p>* Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.</p> <p>* Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu.</p> <p>*Sýnt fram á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu.</p> <p>*Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum).</p>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Búninganotkun. ➤ Tjáning. ➤ Persónusköpun. ➤ Leikstíll 	<p>Unnið með hreyfiflæði um stofuna. Nemandi æfir meðal annars að taka tillit til jafningja og vera meðvitaður um rýmið í kringum sig með ýmsum æfingum undir leiðsögn kennara.</p> <p><i>-Framkoma.</i></p> <p>Nemandinn fær verkfæri til að undirbúa sig fyrir kynningar eða þegar upp á svið er farið. Kennari fer í gegnum líkamsstöður á sviði, raddbeytingu og öndunaræfingar. Gagnrýnin hugsunarháttur er mikilvægur svo nemandinn geti staðið fast á sínum skoðunum sem og opin fyrir annarri gagnrýni. Þeir æfa sig einnig að sitja og hlusta á hvort annað.</p> <p><i>-Látbragðsæfingar.</i></p> <p>Nemendur herma eftir ýmsum starfsheitum og setja sig í stöðu fólks í samfélaginu með látbragðsleik.</p> <p><u>Aðalverkefni.</u></p> <p>Stompdans. Nemandi kafar inní dans/takt heiminn og skoðar söguna um Stomp. Hver hópur býr til sinn eigin Stompdans með áhöldum eða ílátum að vild og sýna hvort öðru í lokin.</p>
--	---	--

Texílmennt

Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.	Notkun á aðferðum og áhöldum greinarinnar	Nemendur gera Sockmonkey og þjálfast í vélsaumi og handsaumi.
Sett textílvinnu og textílvörk í samhengi við sögu, samfélag og listir.	Kynning á hugtakinu sockmonkey í samhengi við sögu og samfélag	Nemendur kynnst sögu aþans og setja í samhengi við sögu og samfélag á Íslandi.
Unnið með einföld snið og uppskriftir	Notkun á sniðum	Nemendur þjálfast í að sníða endurunnin efni og búa til fót og fylgihluti fyrir aþana og skreyta.
Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum.	Notkun á mismunandi efnum	Nemendur tjá sig mikið í tímum um eigin hönnun og ákvarðanir tengdar fagurfræði.
Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.	Notkun á fjölbreyttum aðferðum við að skreyta verkefnið	
Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.	Þekking á hugtakinu alþýðuleikfang og gert grein fyrir eigin ákvörðunum og smekk í hönnunarferlinu	
Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.		

Skólaíþróttir og sund		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á loftháðþól.	Þólæfingar	Þjálfa upp þól með hlaupæfingum, hlaupaleikjum og þólsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.
Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.	Líkamsstyrkur	Kennsla í stöðvaþjálfun og þrautabrautum. Sýnikennsla hjá kennara. Ýmsar styrktaræfingar, nemendur spreya sig í armbeygjum, hnébeygjum, kviðæfingum og bakæfingum.
Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.	Leikni og færni	Kennsla og hæfni í hinum ýmsu íþróttum. Boltaæfingar við hæfi, kasta, grípa og knattrak. Badminton og blak.
Sýnt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.	Baksund, skriðsund, kafsund, stunga	Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotnar upp og einnig æft í heild sinni.

<p>Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.</p> <p>Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.</p>	<p>Hreinlæti</p> <p>Íþróttamannsleg framkoma</p>	<p>Rætt við nemendur ítrekað um mikilvægi almenns hreinlætis. Nemendur eiga að mæta með íþrótt og sundfatnað í kennslustundir. Fyrir og eftir sundkennslu eiga nemendur að fara í sturtu.</p> <p>Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.</p>
--	--	--

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>-unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.</p> <p>-matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best</p>	<p>-vinna eftir uppskrift.</p> <p>-nota mæliskeiðar og dl mál</p> <p>-nota rafmagnshandþeytara</p> <p>-fylgja einfaldri uppskrift</p> <p>-nota viðeigandi áhöld s.s. bretti, hnífa og pönnur/potta.</p>	<p>Hvernig gera þeir það?</p> <p>-Nemandi bakar köku þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift og notar viðeigandi áhöld.</p> <p>-Nemandi eldar pastarétt með sósu með því að nota viðeigandi áhöld.</p>

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinnar verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð.</p> <p>Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.</p> <p>Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</p> <p>Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</p>	<p>Listastefna</p> <p>Myndlist og hönnun</p> <p>Efni og verkfæri</p> <p>Grunnþættir myndlistar</p>	<p>Nemendur fá fræðsluefni um op art og læra um helstu listamenn hennar, hvernig listastíllinn færðist yfir í iðnaðinn sem hönnun.</p> <p>Gerum Listaverk í þeim stíl og notum grunnþætti myndlistar til að skapa.</p> <p>Notum hugtök og verkfæri sem fylgja verkefnum og greininni.</p>